

Miðvikudaginn 19. apríl 1989.

Nr. 250/1988. **Ákærvaldið**

(Hallvarður Einvarðsson ríkissaksóknari)

gegn

Braga Ólafssyni

(Örn Clausen hrl.).

Manndráp.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson, Benedikt Blöndal, Haraldur Henrysson og Hrafn Bragason og Sigurður Líndal prófessor.

Máli þessu er áfrýjað af ákærvaldsins hálfu samkvæmt 1. tl. 1. mgr. 175. gr. laga um meðferð opinberra mála, nr. 74/1974, með áfrýjunarstefnu 25. júlí 1988. Þess er krafist af hálfu ákærvaldsins, að refsing ákærða verði þyngd frá því, sem ákveðið var í héraðsdómi, jafnframt, að ákærði verði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð.

Verjandi ákærða krefst þess, að ákærði verði sýknaður af öllum kröfum ákærvaldsins og kostnaður af málinu fyrir báðum dómum verði lagður á ríkissjóð, en til vara, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar, sem lög leyfa, fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. og 215. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940. Til þrautavara er þess krafist, að ákærði verði dæmdur til vægustu refsingar fyrir brot gegn 211. gr. almennra hegningarlaga, þ.e. að refsing verði milduð. Verði refsivist dæmd, komi gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. janúar 1988 til frádráttar með fullri dagatölu. Loks gerir hann kröfu um hæfileg málsvarnarlaun í héraði og fyrir Hæstarétti og réttargæslulaun sér til handa.

Að áliti Gunnlaugs Geirssonar, prófessors í réttarlæknisfræði, sem rakið er í hinum áfrýjaða dómi, er niðurstaða krufningar og réttarefnafræðilegrar rannsóknar sú, að banamein Grétu Birgisdóttur hafi verið köfnun. Samkvæmt lýsingu hans og ljósmyndum af líkinu voru tvö þverlæg þrýstiför framanvert á hálsinum neðanverðum og eitt ofar með stefnu upp á við aftur fyrir vinstra eyra. Áverk-

ar eru mestir eftir miðbandið, og segir prófessorinn, að þrýstingur hafi verið mestur undan því, hafi það grópast að, brotið skjaldbrjóskið og lokað öndunarvegum.

Eftir uppsögu héraðsdóms lagði ríkissaksóknari mál þetta fyrir lækna ráð og leitaði svara við eftirfarandi spurningum:

„I. Er lækna ráð sammála niðurstöðum próf. Gunnlaugs Björns Geirssonar í réttarkrufningsskýrslu hans um banamein Grétu Birgisdóttur? Eru efni til frekari umsagnar um banamein konunnar?

II. Er lækna ráð sammála niðurstöðum próf. Þorkels Jóhannessonar um þá hættu, sem af þar greindu magni etanóls í blóði og þvagi kann að stafa?

III. Fellst lækna ráð á niðurstöður dr. med. Hannesar Péturssonar yfirlæknis í greinargerð hans um geðheilbrigði og sakhæfi ákærða?“

Ályktun lækna ráðs er frá 8. febrúar 1989 og er svohljóðandi:

„Ad. 1. Lækna ráð er sammála niðurstöðu prófessors Gunnlaugs Björns Geirssonar um banamein Grétu. Lækna ráð bendir jafnframt á, að áfengismagn í blóði var svo mikið, að konan hefði getað látist úr áfengiseitrun.

Ad.2. Já, sbr. ad. 1.

Ad.3. Af ályktun Hannesar Péturssonar má ráða að ákærði sé drykkjusjúkur með geðvilluskapgerð. Lækna ráð er sammála niðurstöðu Hannesar Péturssonar um að ákærði sé sakhæfur.“

Af ofanrituðu er sannað að banamein Grétu Birgisdóttur var köfnun.

Ákærði er einn til frásagnar um tildrög að andláti konunnar. Hann segir fyrir dómi að þau hjónin hafi verið orðin mjög ölvuð og þreytt af langvarandi drykkju þegar komið hafi til átaka milli þeirra, sem hafi lyktað með því að hann greip handfylli af böndum eða köðlum úr dyrahengi í svefnherbergisdýrum og vafði þeim fast um höfuð konunnar og háls. Meðan á þessu gekk, hafi konan barist um og reynt að klóra sig. Gunnlaugur Geirsson prófessor hefur sagt fyrir dómi, að skjaldbrjóska sé brjóska, sem myndi barkakýlið. Það sé mjög sveigjanlegt og geti þolað nokkurn áverka án þess að brotna. Breiðasta bandið, það í miðjunni, hafi valdið þessu broti og blæðingu í kringum það. Tvö neðri bandförin hafi verið þverlæg og bent til þrýstings beint að hálsinum. Af frásögn ákærða, lýsingu

prófessorsins, áverkunum á líkinu og ummerkjum á vettvangi þykir fullsannað, að ákærði hafi valdið þeim áverkum, sem leiddu til dauða konunnar. Gat honum ekki dulist að lífsháski stafaði af aðför hans. Ber því að fallast á heimfærslu héraðsdóms á broti ákærða til 211. gr. almennra hegningarlaga.

Með hliðsjón af álitsgerð Hannesar Péturssonar yfirlæknis um geðheilbrigði ákærða og ályktun lækna ráðs er fallist á niðurstöðu héraðsdóms um sakhæfi ákærða. Ölvun hans og áhrif lyfja leysa hann ekki undan refsingu, sbr. 17. gr. almennra hegningarlaga.

Eins og hér háttar til, verður þeim framburði ákærða ekki hafnað með öllu að hin látna hafi átt upptökin að átökum þeirra. Hins vegar er til þess að líta að ákærði bar engin merki átaka samkvæmt vottorði fangelsislæknis sem skoðaði hann daginn eftir atburðinn. Með vísun til allra atvika málsins þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin 10 ára fangelsi. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist ákærða frá 12. janúar 1988 til þessa.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, ákveðast 200.000,00 krónur. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem nánar greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bragi Ólafsson, sæti fangelsi 10 ár, en gæsluvarðhaldsvist hans óslitið frá 12. janúar 1988 á að koma refsivist til frádráttar.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest, þó þannig að réttargæsluþóknun og málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, ákveðast 200.000,00 krónur. Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, 75.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 13. júní 1988.

Ár 1988, mánudaginn 13. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem haldið er í Borgartúni 7 af Pétri Guðgeirssyni sakadómar, kveðinn

upp dómur í sakadómsmálinu nr. 332/1988: Ákærvaldið gegn Braga Ólafssyni, sem dómtekið var 7. sama mánaðar.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 25. apríl 1988, á hendur ákærða, Braga Ólafssyni, Klapparstíg 11 hér í borg, fæddum hér í borginni 17. nóvember 1936, „fyrir manndráp með því að hafa árla morguns sunnudaginn 10. janúar 1988 svipt eiginkonu sína, Grétu Birgisdóttur, fædda 23. apríl 1961, lífi á heimili þeirra í risibúð að Klapparstíg 11 í Reykjavík, með því að misþyrma henni með spörkum í andlit og höfuð og vefja síðan köðlum svo um háls hennar, að skjaldbrjóskið brotnaði og hún lést af köfnun.

Telst ákærði með fyrrgreindum verknaði hafa gerst brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Málavextir.

Kl. 19.35 sunnudaginn 10. janúar sl. hringdi ákærði í lögregluna í Reykjavík og bað um að lögregla kæmi á heimili sitt, Klapparstíg 11, þar sem kona sín lægi ísköld. Frásögn ákærða var mjög óskýr og ruglingsleg, en hann gaf í skyn að kona sín, Gréta Birgisdóttir, hefði hengt sig. Hefði hann vaknað fyrir um tveimur tímum eftir um 6 - 7 tíma svefn og hefði komið að konunni hangandi í kaðli eða böndum í svefnherbergisdýrum. Hefði hann losað hana og lagt á gólfið og breitt yfir hana sæng eða teppi.

Lögreglumennirnir Jónas Hannes Þorgeirsson, Þóra Jónasdóttir og Kristján Kristjánsson fóru heim til ákærða, sem lauk upp fyrir þeim. Vísaði ákærði þeim á lík Grétu Birgisdóttur, sem lá á bakinu undir verlausri sæng á gólfinu fyrir utan svefnherbergisdýr. Skýrði hann svo frá að þau Gréta heitin hefðu verið við drykkju undanfarna daga og fram á nóttina. Einnhverjar deilur og átök hefðu orðið með þeim. Fyrir 1 - 2 tímum hefði hann vaknað eftir 6 - 7 tíma ölvunarsvefn og hefði konan þá hangið í kaðalspottum í svefnherbergisdýrunum. Hefði hann leyst hana úr köðlunum og lagt á gólfið. Hin látna hefði sífellt haft á orði, bæði um nóttina og endranær, að fyrirfara sér. Þá skýrði ákærði frá því að hann hefði hafið drykkju að nýju, eftir að hann vaknaði, og væri búinn að drekka eina flösku af áfengi. Ákærði var greinilega ölvaður og frásögn hans óskýr.

Rannsóknarlögregla ríkisins var kvödd til skömmu seinna. Eru skýrslur rannsóknarlögreglumanna af ástandi og frásögn ákærða á sömu lund og hér hefur verið rakið.

Af vettvangi var gerður uppdráttur og ljósmyndir voru teknar af líki Grétu og vettvangi, jafnt úti sem inni.

Húsið Klapparstígur 11 er tveggja hæða timburhús með risi, járnvarið.

Aðalinngangur snýr mót norðri. Íbúð ákærða og Grétu heitinnar er í risinu. Í rækilegri vettvangsskýrslu Kristjáns Friðþjófssonar, rannsóknarlögreglu-
manns, segir svo m.a.:

„Hurð inn í íbúð Braga snýr á móti norðri og opnast hún inn og til
vinstri. Íbúðin er stofa, svefnherbergi, forstofa, skáli, bað og eldhús.

Stofa.

Vinstra megin, þegar komið er inn í íbúðina, er dyraop, og þar fyrir
innan er lítill gangur, sem tengir saman stofu og svefnherbergi. Í þessum
gangi lá lík Grétu Birgisdóttur og sneri höfuðið í suður. Líkið lá við vestur-
vegg á ganginum. Yfir líkinu var blá verlaus sæng, sjá myndir nr. 4, 5
og 6. Þegar sængin var tekin af líkinu voru sjáanlegir áverkar á andliti
og hálsi (myndir nr. 7, 9, 10, 11, 12 og 13). Var líkið í nærbuxum og sokk-
um. Hendur voru þvert yfir brjóst og fætur saman. Undir höfðinu var út-
saumaður púði, mynd nr. 14, og undir rassi var samantvöðlað gluggatjald.

Stofan er í suðuvesturhorni íbúðarinnar. Við norðurvegg er þriggja sæta
sófi, með lausum, snjádum, aflöngum sessum, mynd nr. 15, vestan megin
við sófann er gamall stofustóll og á honum er laus þykk sessa. Sófaborð,
með palisanderspón, er fyrir framan sófann, með langhlidina að sófanum.
Á borðinu er fjarstýring fyrir sjónvarp, tannkrem, skrufjárn með blóði á
oddinum (mynd nr. 17 og 18), rífið tímarit frá Stöð 2 og kringlóttur lítill
dúkur.

— — —

Í dyraopi svefnherbergisins eru 32 kaðalþræðir, sjá myndir nr. 25, 26,
27, 28, 29 og 30, sem hnýttir eru upp í yfirstykkið að ofanverðu og greinist
hver í 3 þræði efst í dyraopinu. Blóðblettir fundust í fjórum þráðum frá
60 cm upp í 110 cm frá gólfi. Tveir þræðir eru hengdir upp á krók við
dyraopið inni í svefnherberginu, og er blóð á öðrum þeirra. ...“

— — —

Þeir Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn og Haraldur Árnason
rannsóknarlögreglumaður skoðuðu dyrahengið og umbúnað þess. Er hengi-
ð traust að gerð og gaf sig ekki þótt þeir hængju í böndunum. Böndin
eru úr þriðþættum kaðli, sem er rakinn í sundur, og liggja upp í gegnum
göt í yfirstykki og er hnútur riðinn fyrir ofan. Efst er heill kaðall. Ekki
sáust merki þess, að neitt vantaði í böndin.

Lagt var hald á ýmsa lausamuni á vettvangi og þeir rannsakaðir. Á svöl-
um fannst m.a. hvítur baðsloppur úr „frotté“-efni. Blóðblettir fundust á
röngunni á hægri ermi sloppsins. Margvíslegar lyfjaumbúðir fundust í sorpi
og í íbúðinni af lyfjum, sem ákærða og Grétu hafði verið ávísað á síðasta

ári, og einnig talsvert frá því eftir áramótin. Þá fannst hvít þrjónapeysa á kommóðu í skála og voru blóðblettir í peysunni. Kaðalspotti úr hampi, 60 cm að lengd, fannst í sorppoka í eldhúsi. Virtist hann vera líkrar gerðar og böndin í dyrahenginu að álitni Haralds Árnasonar rannsóknarlögreglu-manns. Hann hafi þó verið heill, en ekki rakinn í sundur eins og böndin í henginu.

Skrúfjárníð, sem áður er getið, er stjörnuskrúfjárn með rauðu handfangi og var blóðugt um 2 cm upp eftir járninu. Loks fundust brotin húsgögn við sorptunnur utan dyra, sams konar og eru í risibúðinni.

Gunnlaugur Geirsson prófessor kom á vettvang síðar þetta kvöld og skoðaði lík Grétu Birgisdóttur þegar að lokinni annarri vettvangsrannsókn kl. 22.15. Var þá „líkið orðið kalt, líkblettir samfelldir á bakflötum og varð aðeins þokað við þéttan þrýsting. Líkstirðnun var nær algjör.“ Hiti í herberginu mældist 22.2 gráður, og sami hiti mældist í líkinu.

Í skýrslu prófessorsins segir annars þetta um líkskoðunina:

— — —

Prófessorinn krufði líkið næsta dag og segir svo í skýrslu hans um krufninguna:

„Krufningin.

Áverkalýsing: Mest er um áverka á höfði og hálsi: Framan á hálsinum eru mörg bogadregin för eða rákir, sem hefjast hæ. megin u.þ.b. 3 cm aftan við línu frá hæ. eyra fram yfir barkakýli og aftur undir vi. eyra og upp á við. Mælast rákir þessar 32 cm að lengd hið lengsta. Rákarförin eru sem hér segir: Neðst á hálsinum er rák, er mælist 0,8 cm á breidd, þverstæð. Þar fyrir ofan er breiðari rák eða belti, sem mælist mjóst 0,8 cm en 3,6 cm þar sem rákin er breiðust, sem er framan á hæ. hálsvöðva (sternocleido-vöðvanum). Sér þar marka fyrir samsíða rákum í marinu. Efst er svo fremur mjó og nokkuð óregluleg rák, sem mælist 0,4 cm hið mjósta, en 0,8 cm hið breiðasta, og er það sú rákin, er liggur upp bak við vi. eyra. Húðin í rákunum er innþornuð eins og bókfell. Undir kjálkabarði eru áverkamerki með óreglulegum impressionum og afrifum í húðinni. Neðan við munn og út á kinnar neðan til eru fingerðar afrifur og er húðin rauðblá og dílótt. Mikið mar er á nefi og upp á nefrótina. Hliðlægt við vi. auga er stungufar, u.þ.b. 0,6 cm í þvermál, og hefur blóð runnið frá því aftur á við í átt til eyrans. Glóðarauga er á báðum augum. Á enninu eru fjölmargar bogadregnar áverkalínur grunnar, er liggja þvert yfir ennið, u.þ.b. 1,2 cm ofan við augabrýnnar. Mælist bogadregin skurfa ofan við vi. auga 5 cm að lengd og 0,2 cm að breidd. Framhald af henni er yfir nefrótinni, 2 cm að lengd og 0,3 cm að breidd, og yfir hæ. auga eru tvær samsíða

skrámur af sömu tegund, sem mælast 7,8 cm, en styttri armur hennar 5 cm, og er breidd þeirra 0,4 cm. Ofar á enninu hæ. megin er bogadregin skráma af sömu tegund, 5,5 cm að lengd og 0,4 cm að breidd. Þegar hár hefur verið klippt af, sést, að sams konar bogadregnar línur í stefnu fram og aftur eru í hársverðinum sem byrja við hárlínu. Mælist sú, sem er miðlæg, 6 cm að lengd, en önnur lítið eitt til vinstri við miðlínu, er 3 cm að lengd. Breidd þessara ráka er frá 0,4 cm, en mar umhverfis allt að 1 cm að breidd. 8 cm ofan við vi. eyra er 0,6 cm hringlaga stungufar og liggur 2 cm skurfa frá því niður á við. Hæ. megin á gagnauga, 8 cm ofan við eyra, er 6 cm mar og er vefurinn þar í kring þybbinn átöku. Þegar höfuðleðri hefur verið flett frá sjást marflákar yfir þeim svæðum, sem áverkum er lýst á: Þannig er 3x4 cm blæðing undir höfuðleðri og yfir beinhimnu yfir hæ. eyra. Mar er framan til á hvirflinum svarandi til ráka þeirra, sem áður er lýst, og blæðingar eru hliðlægt vi. megin á höfði og í vi. augntótt eftir stungufar skammt frá auga. Bulbus oculi (augnknötturinn) er heill. Annars staðar á líkama eru áverkar sem hér segir: Á fram-handleggjum báðum megin eru nýlegir marblettir, sem mælast frá 1 cm í 4 cm í þvermál. Rispur eins og eftir klór eru á handarbökum. Ekki er að sjá áverkamerki á brjóstvegg né kviðvegg. Ekkert athugavert greinist á kynfærum utan það að smá bréfsnifsi sjást hangandi við skapahár. Á ganglimum er talsvert af marblettum, sumum hverjum nýlegum, en öðrum eldri, og mælast þeir frá 2 í 6 cm í mesta þvermál. Ekkert sérstakt athugavert greinist á baki konunnar. Saur er umhverfis endaparm. Ör er á botnlangastað, mælist það 9 cm að lengd. Utanvert á hæ. læri ofanverðu er 20 cm langt ör eftir lengdarás ganglimsins. Rétt þar ofan við er svipað ör, 8 cm að lengd.

Augun eru brostin, sjáöldur jafnvíð, 0,2 cm í þvermál. Augnhvíta er lítið eitt þornuð, þar sem glufa hefur verið á augnlokum, en ekki er að sjá neina áberandi æðateikningu og engar blæðingar eru í augum. Ekki verður greint neitt sérstakt athugavert í eyrum, utan lítills háttar blóð hefur vætlað frá sári í augntótt yfir í vi. eyra. Blóðkleprar eru í hári aftanvert. Skrámur eru aftan á hálsi, en þar sjást ekki för eftir band. Nefið er með miklu mari, sem heita má að nái yfir það allt, frá nasavængjum, nefbrodd og upp að nefrótum. Lítills háttar blóðvætl er í nösnum. Mar er á vörum, en ekki hefur sprungið fyrir. Hins vegar hefur sprungið fyrir innanvert á munnum (frenulum). Hæ. framtönn í neðri góm hefur rifnað út með tannrót og sjá má áverkamerki (marfláka), 1,5 x 1 cm, á tannholdinu neðan við sæti tannarinnar, sem fallið hefur úr. Tönnin finnst ekki.

Líkið er opnað með miðlínuskurði, sem fer í 3,5 cm af fitu á kviðvegg. Þegar vefir á hálsi eru skoðaðir, sést, að mar (blæðing) hefur orðið í djúpvefjum hæ. megin við miðlínu, svarandi til þess, er miðrákin á hálsinum

er breiðust. Mar þetta liggur yfir skjaldbrjóskinu, og þegar það er athugað, kemur í ljós að skjaldbrjóskið er brotið hæ. megin. Skjaldbrjóskið vi. megin er heilt og málbeinið sömuleiðis.

Ekki eru nein áverkamerki innan í líkinu og holrúm líkamans eru klædd sléttum, gljáandi þekjum. Engan vökva er að finna í holrúmunum.

Öndunarfæri: Hæ. lunga vegur 415 g og vi. lunga 480 g. Framfletir beggja lungna eru ljósgráleitir, en rauðbláir að aftanverðu. Í skorum milli lungnalappanna sjást fingerðar dílablæðingar, u.þ.b. 0,2 cm í þvermál, dreift undir yfirborðsklæðningu lungnanna (pleura). Gegnskurður sýnir rauðbláan, fremur þurran vef, með bleikari litblæ framanvert. Í barka er gráleit, slímkennnd froða með blóðlitum blæ efst, en gráleit, þegar neðar dregur, og í meginberkjum er ríkuleg, hvítleit, fingerð froða. Vellur hún fram þegar stutt er á lungun. Berkjuslímhúðin sjálf er eðlileg. Ekkert athugavert greinist í lungnaslagæðum. Áður er lýst málbeini og skjaldbrjóski.

Höfuð og miðtaugakerfi: Áður er lýst áverkamerkjum á höfði, hvirfli og undir höfuðleðri. Kúpubeinin eru heil. Þegar kúpuhvelvingunni hefur verið lyft af sjást eðlilegar heilahimnur. Heili vegur 1230 g. Hann er eðlilegur að lögun og sjást engar blæðingar eða önnur merki um áverka. Stunga í vi. auga hefur náð 1,9 cm inn í mjúkvæfi og valdið blæðingum hliðlægt við augað, en hefur ekki náð inn í augnbotn. Gegnskurður sýnir eðlilegan heilavef og heilavökvinn er tær.

Sýni úr blóði, þvagi, lifur og heila voru send til efnarannsóknna.

Frumályktun.

Banamein konunnar var köfnun. Þrjú bönd höfðu herst að hálsi hennar framanverðum og að hliðum og var þrýstingur mestur undan miðbandinu, sem hefur grópast að, brotið skjaldbrjóskið og lokað öndunarvegum. Önnur áverkamerki voru þrenns konar:

- 1) Circuler stunguför 0,6 cm í þvermál ofan til á vi. gagnauga og hliðlægt við vi. auga.
- 2) Grunnar skurfur yfir þvert enni og á hvirfli.
Áverkar, sem lýst er í 1 og 2, geta samrýmst því að hafa verið veittir með skrúfjárnri því, sem áður er lýst og fannst á vettvangi.
- 3) „Sljóir“ áverkar:
 - a) mar hæ. megin á höfði,
 - b) glóðaraugu b. megin,
 - c) mar á nefi - blóðnasir,
 - d) mar á vörum og tannholdi. Tönn í neðri góm brotin úr kjálkanum,
 - e) mar á hálsi, aðallega ofan til undir kjálkabörðum, með lítills háttar hrufli á hörundi,

- f) lítills háttar mar og hrufll aftan á hálsi,
- g) marblettir á útlimum.

Framanskráðir áverkar teljast nýlegir. Nokkrir marblettir á útlimum og fingerðar rispur á handarbaki teljast nokkru eldri.

Vegna fram kominna upplýsinga voru teknar röntgenmyndir af höfði Grétu Birgisdóttur 19.1. '88. Sýndi mynd framtönn úr neðri góm í vinstra nefholi konunnar. Auk þess sást kinnbeinsbrot.

Smásjárskoðun.

Sneiðar úr innri líffærum sýna eðlilegan hjartavöðva. Lungun eru með þöndum loftrúmum. Í sneið úr barka sést fersk blæðing í mjúkvefina. Sneið úr lifur sýnir fitubreytingar í frymi lifrarfrumna. Sneið úr hörundi frá hálsi sýnir, að vefirnir hafa þrýst saman og þornað, en ekki sést blæðing. Sneið úr eggjastokk sýnir „corpus luteum“. Heilavefur er eðlilegur.

Samkvæmt niðurstöðu réttarefnafræðilegrar rannsóknar (Rannsóknastofa í lyfjafræði, Háskóla Íslands), sem hér fylgir með í ljósriti, reyndist magn etanóls í blóði 4,4 ‰ og 4,3 ‰ í þvagi. Í blóði fannst diazepam 55 ng/ml og umbrotsefni þess, nordiazepam, 125 ng/ml. Auk þess fannst fenemal í blóði og reyndist magn þess 1 - 2 microg/ml.

Lokaályktun.

Samkvæmt niðurstöðum krufningarinnar, réttarefnafræðilegrar rannsóknar svo og upplýsingum lögreglu má álykta að banamein konunnar hafi verið köfnun og að öllum líkindum hafi hún verið kyrkt. Tvö þverlæg þrýstiför voru framanvert á hálsinum neðanverðum, en eitt ofar með stefnu upp á við aftur fyrir vinstra eyra. Önnur áverkamerki voru einnig á líkinu, sem stöfuðu að hluta af „sljóum“ áverkum, og einnig voru á líkinu sár, sem veitt hafa verið með oddhvössu áhaldi, er samrýmist því að hafa getað verið skrufjárn. Áverkar þessir voru þó ekki slíkir að þeir hafi verið meðverkandi að dauða konunnar.“

Prófessor Gunnlaugur hefur komið hér fyrir dóminn og staðfest skýrslur sínar. Hefur hann skýrt frá því að fyrir utan áverkana á og í hálsi líksins bentu tvö teikn til köfnunardauða: mikil froða í öndunarvegum og fingerðar dilablæðingar undir klæðningu lungnanna. Þessi einkenni væru önnur en þau, sem sést hefðu, ef konan hefði látist af áfengiseitrun með lömum öndunarfæra. Af bandförunum mætti ráða, að tvö neðri böndin, sem voru þverlæg, hafi þrýst beint að hálsinum, en efsta bandfarið benti til þess, að konan hefði hangið í böndum. Bandförin væru öll lík og virtust hafa kómið á svipuðum tíma. Ekki væri með vissu hægt að segja hvort efsta bandfarið hefði komið skömmu eftir dauðann, en hefði getað komið jafn-

snemma hinum tveimur. Ekki hafi sést óyggjandi merki um lykkju eða hnút. Miðbandið og það breiðasta hafi valdið broti á skjaldbrjóskinu og blæðingu í kringum það. Skjaldbrjósk hafi mikinn sveigjanleika og geti þolað nokkurn áverka án þess að brotna.

Sárin við auga konunnar kvað prófessorinn hafa verið veitt með hvössu eggvopni, annaðhvort meðan konan var á lífi eða í síðasta lagi nokkrum mínútum eftir lát hennar. Gætu þau hvorki verið eftir táneglur né logandi vindlingaglód (sbr. hér á eftir).

Þá hafa verið lögð fram gögn í málinu, sem sýna, að kinnbeinsbrotið var ferskt. Að áliti prófessors Gunnlaugs átti það brot ekki þátt í dauða konunnar.

Á Rannsóknastofu Háskólans í lyfjafræði fór fram rannsókn á sýnum úr líki Grétu Birgisdóttur. Í vottorði Þorkels Jóhannessonar prófessors segir svo um niðurstöðurnar:

„Magn etanóls í blóði var 4,4 ‰ og 4,3 ‰ í þvagi. Í blóðinu var diazepam 55 ng/ml og umbrotsefni þess, nordiazepam, 125 ng/ml. Við lyfjaleit í lifur a.m. Kæmpe fannst fenemal og vottur af koffeíni, diazepam og nordiazepami. Magn fenemals í blóði reyndist vera á bilinu 1 - 2 míkróg/ml. Hvorki tríklóretanól né dígoxín voru í mælanlegu magni í blóðinu.

Magn diazepam (og nordiazepam) og fenemals í blóði var minna en svarar til lækningalegra skammta. Magn etanóls í blóði og þvagi var hins vegar svo mikið að konan hefði getað látist af áfengisneyslu.“

Prófessor Þorkell kom hér fyrir dóminn og var spurður hvort einhver breyting á etanólmagni yrði við andlát og hvort konan hefði verið með þetta magn etanóls þegar hún lést. Skýrði prófessorinn frá því að etanólmagn geti breyst eftir dauðann. Ef lík er rotið að marki megi búast við því að magn etanóls minnki eftir dauðann. Í vissum öðrum tilvikum geti þó svo farið að magn etanóls í líksýnum verði meira en það hafi verið í lifanda lífi. Þannig geti komið fyrir að á vissu stigi rotnunar verði magn etanóls tímabundið meira en í lifanda lífi. Varðandi lík Grétu Birgisdóttur væri þess að geta, að konan væri talin hafa dáíð 10. janúar og krufning hafi verið gerð 11. janúar, þ.e.a.s um það bil sólarhring síðar. Honum væri ekki kunnugt um að nokkrar upplýsingar lægju fyrir um að líkið hafi verið rotið umfram venju eða nokkur sérstök atvik önnur hafi gilt um líkið. Þess vegna teldi hann, að það magn etanóls, sem mældist í blóði og þvagi úr líkinu, hafi nánast einnig verið í blóði og þvagi konunnar í lifanda lífi.

Þá var vitnið innt eftir því hvert hefði verið ölvunarástand konunnar, þegar hún lést, og hvaða líkur væru á því, að konan myndi hafa látist af áfengisneyslu einni saman.

Vitnið kvað menn geta vel lifað með 4 ‰ etanóls í blóði, enda þótt það

etanólmagn sé oftast banvænt. Allar líkur væru á því, að hafi konan ekki látist af etanóleitrun, að hafi hún verið mjög ölvuð, en ekki sé hægt að segja til um hvort hún hafi verið rænulaus. Slíkt fari mjög eftir þoli sem menn hafi gagnvart áfengi og sé mismunandi.

Ákærða var tekið blóð og þvag til rannsóknar laust eftir kl. 22.00 þetta kvöld. Vinandi í blóði mældist 1,58 ‰, en í þvagi 1,81 ‰. Í blóði fundust díazepam og fenemal í magni sem svarar til töku lyfjanna í litlum lækningalegum skömmtum. Samkvæmt vottorði prófessors Þorkels Jóhannessonar verka bæði lyfin þó saman með etanóli.

Fatnaður, sem ákærði var í, var tekinn til rannsóknar. Um rannsóknina segir Kristján Friðþjófsson rannsóknarlögreglumaður í skýrslu sinni:

„*Bolur.*

Hvítur ermalaus bolur úr þaðmullarblöndu. Vörumerki KAKTUS, stærð M. Með einni tölu í hálsmáli, rífið út úr hnappagati. Áprentað á ská niður yfir bol að framan KAKTUS SPORT. Smá-blóðstorkur má sjá neðst á bolnum að framan hægra megin við miðju. Sú neðri er 3 cm ofan við fald og 15 cm til hægri frá miðju. Sú efri er 12 cm ofan við fald og 8,5 cm til hægri við miðju.

Gallabuxur.

Bláar gallabuxur úr 100% þaðmull. Gerð LEE, framleiðsluland ÍRLAND. Buxurnar eru með tveimur vösuum að framan og tveimur rassvösuum.

Þegar þær eru skoðaðar nánar sjást á þeim blóðblettir. Að framan, á vinstri skálm, 48 cm fyrir neðan streng, 14 cm frá innanverðum saum á skálm, er blóðblettur (flekku), sem mælist 3,5 x 2 cm að stærð, og 3 cm blóðtaumur upp frá honum.

Á hægri skálm er blóðblettur, 38 cm fyrir neðan streng, 1 x 1,5 cm að stærð og 18 cm frá innanverðum saumi skálmar. Nokkru neðar á skálm-inni, eða 49 cm fyrir neðan streng og 14,5 cm frá innanverðum saumi skálmar, er blóðtaumur 4 cm á lengd.

Aftan á buxunum er blóðtaumur, 3,5 cm á lengd og um 0,5 cm í þvermál, á utanverðum hægri rassvasa. Er hann 20 cm fyrir neðan streng og 8 cm frá utanverðum hliðarsaumi skálmar. Smá-blóðblettur, 0,5 cm í þvermál, er á sama vasa, 23 cm fyrir neðan streng og 14 cm frá utanverðum hliðarsaumi skálmar.

Allar framantaldar athuganir voru gerðar með „LEUCOMALACHITE“, viðurkenndri aðferð til blóðprufunar.“

Ákærði hefur greint frá því að hann hafi kynnst Grétu heitinni Birgisdóttur þegar hún var 17 ára gömul. Þau hafi byrjað sambúð haustið 1984

og gengið í hjónaband rétt fyrir jólin það ár. Þau hafi fyrst búið í leiguíbúð í Krummahólum 8, en verið sagt upp húsnæðinu vegna óreglu. Næstu 6 - 7 mánuðina hafi þau gist í Brautarholti 22 á vegum borgarinnar eða þar til þau fengu íbúð á Vatnsstíg 11, einnig á vegum borgarinnar. Þar voru þau í tæpt ár, lentu í óreglu og voru síðan á hrakhólum þar til þau fluttust inn í risibúðina á Klappastíg 11 1. apríl í fyrra. Höfðu þau þá hvorki smakkað áfengi né pillur í næstum ár. Skömmu eftir að þau fluttust inn, byrjuðu þau að drekka og neyttu einnig lyfja með áfenginu. Hafi Gréta heitin notað róandi lyf, en ákærði nærri eingöngu amfetamín. Stóð óreglan samfleytt þennan mánuð. Næsta óreglutímabil, 6 dagar, hafi byrjað seinni hluta ágústmánaðar, það þriðja á Þorláksmessu og stóð fram yfir áramót og loks hófst síðasti túrinn 6. janúar, eftir tveggja daga hlé. Að sögn ákærða var oft æði-stormasamt hjá þeim, meðan þau voru í óreglunni, og hendur látnar skipta. Kveðst ákærði oftara hafa farið halloka í þeim átökum, enda hafi Gréta verið stór og sterk og oft beitt einhverjum áhöldum gegn sér. Aftur á móti segir ákærði að samband þeirra hafi verið gott þegar þau voru allsgáð. Þau hafi átt vel saman og hjálpast að við að halda sig frá óreglunni.

Framburður ákærða af atburðum á heimili þeirra Grétu var í byrjun á þá lund að hann hefði fundið konu sína hangandi í böndunum í svefnherbergisdyrunum þegar hann vaknaði af svefni eftir undanfarandi drykkju þeirra hjónanna. Í þinghaldi 12. janúar sagði ákærði Grétu hafa skvett á sig vatni og talað um að kasta sér fram af svölunum og fremja sjálfsmorð.

Hinn 21. janúar skýrði hann aftur á móti frá því í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni að átök hefðu orðið með þeim um nóttina. Hefði Gréta heitin ætlað að ráðast á sig, en hann hefði þá slegið hnénu upp í andlit hennar, og þegar hún hefði risið aftur á fætur og ætlað að ráðast að sér á ný hefði hann gripið hana og vafið böndunum úr dyrahenginu um háls hennar og höfuð og snúið henni þannig að þau hertust að höfði hennar og hálsi. Hann hefði svo sofnað, enda verið búinn að taka inn þrjár svefntöflur. Í skýrslu tveim dögum síðar sagðist hann hafa tekið fast með hægri hendi um höku eða háls Grétu og vafið með hinni hendinni böndunum um höfuð hennar og háls, en svo sofnað sjálfur. Hefur þessi frásögn ákærða staðið í meginatriðum óbreytt.

Í lögregluskýrslu 25. sama mánaðar kvað hann Grétu hafa gert sig líklega til þess að klóra sig og hefði hann sett hnéd í andlit hennar, sennilega í höku og nef hennar, svo að hún datt aftur á bak og rakst í náttborð sem er við hliðina á fleti þeirra. Hún hefði staðið upp aftur og ráðist að sér, en hann þá tekið með hægri hendi um höku hennar eða háls, tekið handfylli af böndum úr dyrahenginu og vafið fast um höfuð Grétu og háls þangað til böndin voru búin. Taldi ákærði að hún hefði „verið með einhvern hama-

gang“ meðan á þessu stóð. Hann hafi svo hlotið að hafa dottið út af, enda hafi hann verið farinn að finna til áhrifa af þremur töflum af lyfinu „mebumal natrium“, sem hann hafði tekið inn nokkru áður.

Í skýrslu 27. janúar kvað ákærði Grétu hafa komið „stökkvandi“ á sig og kveðst ákærði hafa haldið að hún ætlaði að grípa í pung hans, eins og hún hefði gert áður. Þá hafi hann sparkað í hana og hafi rist og tær hægri fótar lent í höfði hennar. Hafi hún þá fallið út á hlið á mitt flet þeirra. Hafi hún síðan ætlað að rísa á fætur aftur og hann talið að hún ætlaði að grípa í pung hans, og hafi hann þá sparkað aftur í höfuð hennar með hægri fæti og hún fallið aftur á bak á náttborðið. Þá hafi hún staðið upp aftur og komið æðandi að honum, en hann þá gripið með hægri hendi um höku hennar eða háls og haldið fast. Hann hafi staðið við dyrahengið og haldið sér í það, enda hafi svefnlyfið verið farið að verka á hann. Hann hafi svo vafið böndunum fast um höfuð og háls Grétu, en svo „dottið út af“.

Þegar ákærði kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 3. febrúar sl. kvaðst hann vilja viðurkenna að vera valdur að láti eiginkonu sinnar, Grétu Birgisdóttur, eins og hann hefði nánar lýst í skýrslum sínum hjá rannsóknarlögreglu. Sagði ákærði að til átaka hefði komið með þeim hjónunum og hefði hann veitt henni áverka á höfuð með spörkum, en að svo búnu tekið hana háls-taki og vafið síðan böndunum fast um höfuð hennar og háls og skilið hana þar eftir. Hann kveðst þó ekki hafa hert böndin að höfði og hálsi hennar, heldur hafi hann sagt við hana, um leið og hann hafði lokið þessu verki sínu, hvort hún vildi ekki hengja sig.

Ákærði hefur að öðru leyti skýrt svo frá að þau hjónin hafi hafið drykkju miðvikudaginn 6. janúar sl., eftir að hafa safnað birgðum af áfengi, 6 - 7 flöskum af brennivíni og vodka. Segir ákærði að þau hafi drukkið sleitulaust fram á sunnudagsnóttina og keypt áfengi á svörtu þegar birgðir þraut. Kveður ákærði þau ekkert hafa sofið allan þennan tíma.

Á föstudagskvöld hafi ákærði farið út í „sjoppu“ og hitt þar stúlku sem hann bauð heim með sér. Hafi Gréta virst afbrýðisöm út í stúlkuna og hafi komið til nokkurrar orðasennu milli þeirra, eftir að stúlkan var farin.

Ákærði kveður Grétu hafa verið klædda í gallabuxur og bol framan af, en síðar hafi hún farið úr þessu og líklega farið í hvítan baðslopp.

Um miðnætti aðfaranótt sunnudags hafi þeim hjónum aftur orðið sundurorða út af stúlkunni. Kveður ákærði þau hjónin hafa drukkið linnulaust þessa nótt og hafi þau verið orðin mjög ölvuð. Gréta hafi verið orðin eins og stjórf, en þó getað staðið undir sér. Kveður ákærði hafa verið líkt á komið um sig. Hafi þau bæði verið orðin yfir sig þreytt. Um kvöldið eða nóttina hafi einhver óhemjugangur virst renna á Grétu. Hún hafi ausið yfir sig vatni og einu sinni reynt að fara út á svalir og hótáð að farga sér,

en ákærði telur að sér hafi tekist að afstýra því, að hún færi út. Hafi hún alltaf verið að detta. Síðan hafi virst draga af Grétu og hafi þau þá sest inn í stofu, þar sem hún hélt áfram stífri drykkju, en ákærði drakk minna. Ákærði kveðst hafa lagt sæng í sófann hjá Grétu, ef hún vildi fara að sofa, og farið sjálfur inn í svefnherbergi, tekið 3 svefntöflur og tekið til við að háttu sig. Gréta, sem hafi nú verið í nærbuxunum einum fata, hafi þá komið inn í svefnherbergið og farið að rifast út af stúlkunni sem áður er nefnd. Hafi hún reynt að sparka í kynfæri ákærða og kveðst hann þá hafa sparkað í höfuð henni. Telur ákærði að tærnar og ristin hafi komið á höfuðið og hafi Gréta þá dottið á rúmflöt þeirra. Hún hafi fljótlega reynt að standa upp aftur og gert sig líklega til að klípa í pung ákærða eins og hún hefði oft áður gert, og hafi ákærði þá sparkað aftur. Það spark hafi eins og lent utan á höfði Grétu. Hún hafi fallið aftur fyrir sig og út á hlið og utan í eða á náttborðið. Gréta hafi staðið upp aftur fljótlega og komið í áttina til ákærða, hálfbogin. Ákærði kveðst þá hafa gripið með vinstri hendi, en ekki hægri eins og segir í lögregluskýrslu, um höku eða háls Grétu. Ákærði, sem kveðst hafa verið farinn að finna fyrir áhrifum svefnlyfjanna, segist hafa gripið handfylli af böndum eða köðlum úr dyrahenginu og vafið þeim fast um höfuð hennar og háls. Meðan á þessu gekk, sem var mjög stutt stund, segir ákærði að Gréta hafi barist um og reynt að klóra sig. Ákærði kveðst hafa öskrað á Grétu: „Af hverju hengir þú þig ekki, þú herðir bara að.“ Ákærði kveðst muna það síðast að Gréta stóð í dyragættinni, vafin í böndin. Hafi hún staðið en ekki hangið í böndunum. Kveðst ákærði ekki muna hvort böndin voru slök eða strekkt fyrir ofan höfuð hennar, en hann segist hvorki hafa gert bragð né lykkju á böndin né heldur fest endana með neinum hætti, enda hafi hann notað upp öll böndin þegar hann vafði þeim. Ákærði kveðst svo hafa liðið út af og sofnað. Ákærði kveðst ekki geta gert sér grein fyrir hvað klukkan var þá. Hann segist ekki vera viss um hvað hann svaf lengi, það hefðu getað verið 5 - 6 tímar, en hann kynni líka að hafa sofið lengur, e.t.v. 2 - 3 tíma, eins og hann eigi til þegar hann hafi tekið svefnlyf.

Frásögn ákærða af því, hvernig komið hafi verið fyrir Grétu, þegar hann vaknaði, hefur verið á reiki. Framan af hélt hann því fram, að hún hefði hangið í böndunum þegar hann vaknaði, eins og fyrr segir, og hafi hann leyst hana úr þeim og lagt hana til. Síðar, 21. janúar, sagði ákærði að hún hefði legið „svona fram í kaðlana“, og tveim dögum síðar, að hún hefði ekki verið með böndin um höfuðið en þau legið niður að því. Önnur hönd hennar hafi hins vegar verið í einhverri lykkju í þeim. Þá sagði ákærði 25. janúar að sig rámaði í, að einhver flækja af böndum hefði verið um höfuð Grétu, sem lá á gólfinu, og hann leyst þau í sundur. Þegar gengið var á ákærða um þetta hér í dóminum sagðist hann ekki treysta sér til þess

að muna hvernig þetta var, en sagði þó, að sig hálframaði í, að hún hefði jafnvel hangið í einum kaðli og að hann hefði skorið hana niður úr honum.

Ákærði hefur staðfastlega haldið því fram, að sér hafi í fyrstu ekki verið ljóst að Gréta væri látin. Taldi hann að hún svæfi, lagði hana á bakið fyrir utan svefnherbergisdýrnar og hálfu inn í stofu og breiddi sæng yfir hana. Hann kveðst hafa farið fram í eldhús og hafið drykkju, en sest svo inn í stofu og horft í stutta stund á sjónvarp. Kveðst hann hafa reynt að vekja Grétu og látið logandi vindling að vanga hennar. Hann hafi ætlað að koma áfengi ofan í hana til að hressa hana við, en hún hafi verið með munninn saman bitinn. Hafi hann þá sótt skrufjárn fram í eldhús og reynt að opna munn Grétu með því. Þá hafi tönn í munni hennar brotnað og hafi hann lagt tönnina á efri vör hennar. Þegar hann hellti áfenginu hafi flotið upp á vörina og tönnin skolast upp í aðra nösina og hafi hann ekki náð tönninni. Ákærði kveðst þá hafa fundið, að líkami Grétu var kaldur viðkomu, og orðið þess áskynja, að hún var látin. Hafi hann þá hringt í fyrrverandi konu sína og rétt á eftir í lögregluna. Hafi þá um ein og hálf klukkustund verið liðin frá því að hann vaknaði.

Ákærði hefur sagt að það hafi ekki verið ásetningur sinn að svipta Grétu Birgisdóttur lífi, heldur hafi það verið óviljaverk.

Ákærði hefur ekki getað skýrt sárin á gagnauga Grétu. Hann hefur þó stungið upp á því að þau gætu verið eftir táneglur hans, þegar hann sparkaði í höfuð Grétu, eða vindlingsglóðina, sem hann reyndi að vekja hana með.

Íbúar á Klapparstig 11 hafa verið yfirheyrðir og urðu þeir ekki varir við neitt óvenjulegt í risibúðinni um kvöldið eða nóttina, að öðru leyti en því að Geirfinnur Trausti Þórðarson, sem býr á 2. hæð hússins, varð var við umgang í risinu fram undir klukkan 4 um nóttina. Var eins og gengið væri um gólf uppi og einnig upp og niður stigann á milli hæðanna. Hafi þetta haldið vöku fyrir sér. Ekki heyrði hann neinar raddir, aðeins þennan umgang. Er Geirfinnur heyrnardaufur.

Geirfinnur Trausti hefur annars skýrt frá því að nokkrum sinnum hafi verið ónæði af íbúunum í risinu og hafi þurft að kalla til lögreglu af þeim sökum.

Inga Fjóra Baldursdóttir býr á 1. hæð hússins. Kvaðst hún aldrei hafa orðið vör við, að ákærði beitti Grétu heitna ofbeldi. Hún hefði ekki orðið vör við, að gestkvæmt væri hjá þeim, og ekki orðið þeirra vör nema þegar þau væru að koma inn eða fara út.

Eliás Guðbjartsson, sem býr á 2. hæð, kvaðst ekki hafa orðið var við að ákærði legði hendur á konu sína.

Klara Georgsdóttir, sem býr á 1. hæð, kveðst mjög lítið hafa orðið vör við ákærða og Grétu og ekki getað kvartað undan sambýlinu við þau.

Fram er komið í málinu að rétt fyrir jól, líklega á Þorláksmessunótt, komu í heimsókn til ákærða og Grétu heitinnar hjónin Guðmundur Ingi Björgvinsson og Margrét Lilja Rut Andrésdóttir. Til einhverra átaka kom og bera þau hjón að ákærði hafi veist að Margréti og Grétu heitinni með þeim afleiðingum að Gréta hrataði á rúðu sem brotnaði. Ákærði kveður framburð hjónanna alrangan og segir Margréti hafa hrundið Grétu á rúðuna. Nýtur framburður ákærða stuðnings af vætti fyrrnefndrar Ingu Fjólu Baldursdóttur sem kveðst hafa hitt Grétu á aðfangadag, og hefði hún sagt vitninu, að kona, sem var í heimsókn hjá þeim á Þorláksmessunótt, hafi hrint sér á gluggarúðu sem hafi brotnað. Hafi Gréta verið með skurð á vanga.

Faðir Grétu, Birgir Jónsson, hefur skýrt frá því, að hún hefði haldið sambandi við sig og heimili sitt eftir að þau ákærði giftu sig, bæði með því að koma reglulega í heimsókn og eins með því að hringja, sem var oftast. Vitninu skildist á Grétu að sambúðin væri brösótt með köflum, en þess á milli hafi vírst ganga betur hjá þeim hjónunum. Segir vitnið að Gréta hafi oft kvartað um það við sig, að ákærði berði sig. Vitnið kveðst oft hafa séð marbletti og litla brunabletti á henni. Segist vitnið muna eftir því að í fyrra sumar hafi Heimir Bjarnason aðstoðarborgarlæknir hringt í sig af lögreglustöðinni í Reykjavík og sagst hafa lagt Grétu heitna inn á sjúkrahús í Reykjavík vegna barsmíða og brunasára af völdum ákærða. Vitnið segist síðast hafa séð dóttur sína 19. desember sl., og hafi hún þá verið glöð og reif eins og hún var oftast, enda hafi hún verið glaðsinna. Hún hafi þó verið bólgin í andliti og augun hálfsokkinn. Þau hafi ekkert rætt af hverju það stafaði.

Milli jóla og nýárs, segir vitnið, að Gréta hafi hringt heim til þeirra hjónanna. Kveðst vitnið hafa verið heima þá en Gréta hefði talað við stjúp-móður sína. Hefði Guðmunda, kona sín, sagt sér, að Gréta hefði talað um, að ákærði hefði barið sig illa. Kona sín hefði spurt sig á meðan á símtalinu stóð, hvað til ráða væri, og þeim komið saman um að Gréta skyldi leita til lögreglunnar, og hafi Grétu verið ráðlagt það. Hafi Gréta vírst ætla að taka því ráði.

Bróðir Grétu, Ármann Birgisson, hefur skýrt frá því að kynni sín af heimili þeirra Grétu og ákærða hafi hafist, eftir að þau fluttust á Klapparstíginn. Segist vitnið halda að hann hafi komið í fjögur skipti í heimsókn þangað og hitt misvel á. Í þrjú skipti hafi verið greinileg óregla á þeim og umgengni verið slæm, en í eitt skipti, í júní í fyrra, hafi allt vírst vera í röð og reglu. Vitnið segist síðast hafa komið á Þorláksmessu með jólagjafir. Þá hafi þau bæði verið ölvuð og allt í rusli. Vitnið segir að þegar hann hafi hitt Grétu hafi hún stundum verið með áverka á andliti og handleggjum. Vitnið kveður þau systkinin oft hafa talað saman í síma. Framan

af hafi hún látið vel af sér og ekki kvartað undan ákærða, en á milli jóla og nýárs hafi hún hringt nokkrum sinnum í vitnið og sagt að ákærði berði sig. Skildist vitninu, að hún sætti lagi að hringja, á meðan ákærði svæfi, og að hún óttaðist barsmíðar þegar hann vaknaði. Vitnið segist ekki hafa gert neitt með þetta og talið þetta ölvunarþvælu. Vitnið segir að hún hafi stundum áður hringt í sig ölvuð og beðið sig að hjálpa sér um peninga. Vitnið segist hafa hringt á gamlársdag í ákærða og skammað hann fyrir að berja Grétu heitna. Hefði ákærði þrætt fyrir það. Segist vitnið aldrei hafa séð áverka á ákærða þegar hann kom heimsókn á Klapparstíg.

Stjúpmóðir Grétu, Guðmunda Hjálmarsdóttir, kveðst fyrst hafa frétt um það í ágúst 1987 að ákærði berði Grétu. Haft var samband við föður Grétu heitinnar frá borgarlæknisembættinu og sagt að Gréta væri illa útleikin eftir ákærða. Það hafi svo verið laugardaginn fyrir síðustu jól að Gréta heimsótti vitnið og sá vitnið þá brunabletti víða um andlitid á henni og á handleggjum. Sagði Gréta vitninu að hún væri auk þess brennd annars staðar á líkamanum. Væru brunablettir þessir eftir ákærða. Vitnið segir að þau Gréta og ákærði hafi verið óreglufólk. Hafi þau legið í drykkjuskap annað slagið frá því að þau tóku saman. Þess á milli hafi allt verst vera í lagi hjá þeim og Gréta litið vel út. Vitnið kveður Grétu heitna hafa hringt til sín milli jóla og nýárs sl. og sagst vera í pillum og að ákærði „gengi á bakinu á sér og sparkaði í andlit sér svo að önnur kinnin væri stökkbólgin“. Vitninu skildist á henni, að ákærði svæfi, á meðan hún talaði, og að hún væri hrædd um að hann vaknaði. Kveðst vitnið hafa ráðlagt Grétu að hringja í lögregluna og leita læknis. Hafi hún fallist á það.

Í fyrra sumar hafi Gréta heitin sagt sér frá því, að hún hefði skvett spritti framan í ákærða. Hefði spritt farið í auga hans og Gréta beðið um peninga til að borga fyrir læknishjálp handa Braga á slysavarðstofunni. Þá segist vitnið muna eftir því að einhvern tíma hafi Gréta heitin meitt Braga á hendi með kjötskurðarhníf, þegar átök höfðu orðið með þeim hjónunum.

Samkvæmt vottorði slysadeildar Borgarspítalans leitaði Gréta þangað ölvuð í maí 1986 og kvaðst hafa orðið fyrir árás manns síns. Var hún þá m.a. marin, fleiðruð og bólgin í andliti. Þá segir þar einnig, að Gréta hafi komið þar 9. ágúst í fyrra vegna áfengis- og lyfjamisnotkunar og óeirða á heimili. Reyndist hún þá marin á við og dreif og með smá brunasár á kviði.

Ákærði gekkst undir sálfræðipróf hjá Heiðdísí Sigurðardóttur. Reyndist greind hans vera í meðallagi. Um persónuleika ákærða segir sálfræðingurinn í skýrslu sinni: .

„Niðurstöður úr EPQ-persónuleikaprófi.

Bragi kemur hátt út á „extrovert“ kvarða prófsins. Hinn dæmigerði

extrovert er félagslyndur, kýs fjölbreytni og líf í kringum sig. Hann er hrifinn af hvers konar breytingum, tekur áhættu, oftast en ekki áhyggjulaus og tekur lífinu létt. Extrovertinn er fljótur til framkvæmda og er almennt hvatvís (impulsív): Tilfinningar eru oft undir slæmri stjórn, og stundum gætir tilhneigingar til árásargirni.

Aðrir kvarðar prófsins sýna niðurstöður innan þeirra marka er dæmi-gerðar eru fyrir þorra almennings.

Niðurstöður úr MMPI-persónuleikaprófi.

Gildiskvarðar áreiðanleika prófsins (LFR) voru innan eðlilegra marka, þ.e. benda til marktækra niðurstaðna.

Eftirfarandi einkenni eru algeng meðal einstaklinga með prófniðurstöður samsvarandi útkomu Braga:

Upptekinn af líkamlegum einkennum og kvartar gjarnan. Þetta gæti samrýmst starfrænni truflun (hysterisk einkenni), þótt það útiloki ekki vefrænan sjúkleika.

Mjög félagslega „úthverfur“ (extrovert) einstaklingur og í umgengni við annað fólk krefjandi á tilfinningar þess, athygli og stuðning. Sterk þörf fyrir að vera öðrum háður og á jafnframt erfitt með að taka höfnun.

Oft skortir á hæfileika til að bíða með eða fresta fullnægingu langana og þarfa (impulsív), — hið minnsta mótlæti leiðir oft til pirrings og vanhugsaðra bráðræðisáðgerða. Lág mótlaetisþol.

Í niðurstöðum örlar á kvíða- og svartsýnistilfinningum.“

Hannes Pétursson yfirlæknir gerði geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Í ályktun læknisins segir svo:

„Að mínu áliti er Bragi Ólafsson ekki haldinn formlegri geðveiki (psychosis) né greindarskorti. Hins vegar bendir lífsferill hans ásamt niðurstöðu persónuleikaprófa til þess að Bragi eigi við að stríða nokkrar persónuleikatrufnanir samfara skapgerðarþrestum. Vandkvæði þessi hafa m.a. lýst sér í óreglulegri skóla- og atvinnusókn, alvarlegri misnotkun áfengis og lyfjafíkn, endurteknum afbrotum, ásamt erfiðleikum í tilfinningasamböndum. Framangreindra skapgerðarþresta, svo sem hvatvísi og skorts á sjálfstjórn, virðist helst verða vart hjá Braga undir áhrifum áfengis og annarra fíkniefna.“

Að því er varðar hugsanlegar orsakir fyrir verknaði þeim er Bragi er nú grunaður um, þá vega að líkindum þyngst framangreindir skapgerðargallar samfara áhrifum langvarandi áfengismisnotkunar og annarrar fíkniefnaneyslu, en að sögn Braga var hann að auki búinn að vaka á fjórða sólarhring þegar framangreindur verknaður átti sér stað. Samkvæmt Braga kom til átaka milli þeirra Grétu heitinnar, m.a. að hans sögn vegna afbrýðisemi hennar. Ekki er ljóst hvort eða með hverjum hætti ásetningur hefur orðið

til varðandi framangreindan verknað, en Bragi lýsti því margsinnis, að hann teldi að hér hefði verið um slysaatvik að ræða. Atburðarásin er á köflum fremur óljós, m.a. vegna minnistrufana í kjölfar langvarandi og mikillar neyslu áfengis og annarra fíkniefna. Vegna þessa er líklegt að dómgreind Braga hafi verið sljövguð þegar framangreindur atburður átti sér stað, en þó verður að álykta að raunveruleikamat og dómgreind Braga Ólafssonar sé annars með þeim hætti að hann teljist sakhæfur.“

Að áliti dómsins er ákærði sakhæfur.

Niðurstaða.

Telja verður sannað með vætti Gunnlaugs Geirssonar prófessors að snemma sunnudagsmorguninn 10. janúar sl. hafi Gréta Birgisdóttir kafnað á þann hátt að band var hert að þverum hálsi hennar framanverðum og að hliðunum, svo að það grópaðist að, braut skjaldbrjóskið og lokaði öndunarvegum. Ákærði hefur játað að hafa í átökum þeirra vafið böndum úr dyrahengi fast um höfuð og háls konunnar, og verður að telja sannað, að hún hafi kafnað af völdum þessa verknaðar ákærða. Ákærði hefur sagt, að hann hafi ekki ætlað sér að svipta Grétu lífi, og verður að byggja á því að hann hafi ekki gert það af ráðnum hug og að spörk hans í höfuð hennar hafi ekki miðað að því. Aftur á móti hlaut ákærða að vera ljóst, að langlíklegast væri, að Gréta hlyti bana af því, að hann vafði böndunum fast um háls hennar. Hefur ákærði því orðið brotlegur við 211. gr. almennra hegningarlaga með því að verða Grétu að bana með þeim hætti.

Sakaferill ákærða er langur og hefur hann frá 1954 til 1983 hlotið 11 refsiddóma fyrir hegningarlaga brot og tvo fyrir ölvun við akstur. Auk þessa var ákæru frestað á hendur honum fyrir ránsbrot árið 1955 og einnig verið sektaður 14 sinnum fyrir margvísleg brot, síðast 1984, þar af einu sinni, 1980, fyrir líkamsárás.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 8 ára fangelsi. Frá refsingunni ber að draga gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. janúar sl. til þessa, samtals 154 daga.

Dæma ber ákærða til þess að greiða allan kostnað af málinu, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 150.000,00 krónur.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Bragi Ólafsson, sæti fangelsi 8 ár. Frá refsingu ákærða dragist gæsluvarðhaldsvist hans frá 12. janúar 1988, samtals 154 dagar.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 75.000,00 krónur, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, 150.000,00 krónur.